



304. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 27. febrúar 2014 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

Lárus Á. Hannesson forseti bæjarstjórnar, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Helga Guðmundsdóttir, HG
Gretar D. Pálsson, GDP
Hjörleifur K. Hjörleifsson varamaður Írisar, HKH
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Þorsteinn Sigurðsson varamaður Lárusar, ÞS
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson, setti fund og stýrði.
Forseti leitaði afbrigða við dagskrá, þannig að liður 5 er felldur út og stað hans kemur liður 5.1. Ráðningarsamningur við bæjarstjóra. Einnig er liðum 3 og 4 víxlað. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

1.1. Fundagerð bæjarráðs nr. 506, dags. 20.02.2014. Fundagerð framlögð.

Liður 1 Tilnefning í 17. júní nefnd 2014

Tilnefnd eru: Dagbjört Höskuldsdóttir formaður, Sesselja Kristinsdóttir, Leifur Harðarson, Benedikt Óskarsson, Þröstur Gunnlaugsson, Fanney Sumarliðadóttir, Ólafur Ingi Bergsteinsson, Snjólfur Björnsson, Gerður Sigurðardóttir og Steindór Hjaltalín.

Til máls tóku: GJÁ og LÁH

Liður 2 fundagerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 22.01.14 (84.fundur)
Fundagerð framlögð. Liður 4 gamla nefndin sem að sá um Norðurljósahátíðina kemur til með að taka þá vinnu að sér aftur. Það eru Guðfinna Diego, Þórunn Sigþórsdóttir og Berglind Axelsdóttir, þannig að málið er hér eftir í þeirra höndum og þær fara að finna dagsetningu á hátíðina og fl. og samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Bæjarráð þakkar nefndinni fyrir frumkvæðið og fyrir að taka verkefnið að sér aftur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundagerð samþykkt.



Liður 4 fundargerð Hafnarstjórnar, dags. 30.01.14 (70.fundur)
Fundargerð framlögð. **Liður 1** gjaldskrá Stykkishólshafnar 2014
Lagt er til að gjaldskrá hafnarinnar fylgi hækkun vísitölu neysluverðs eins og verið hefur og hækki miðað við 1.1.2014.

Tillaga hafnarstjórnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 aðstaða fyrir báta til að fjara vegna viðhalds og viðgerða.
Hafnarstjórn leggur til að gerð verði aðstaða fyrir smábáta til að fjara svo hægt verði að vinna við minni báta sem ekki komast í slippinn hjá Skipavík.

Skipulag- og byggingafulltrúa og hafnarverði falið að skoða aðra mögulegar staðsetningar en Maðkavík.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku: GDP,HKH,GS og DS

Fundargerð samþykkt.

Liður 7 skipulags- og bygginganefnd - 169 dags. 17. febrúar 2014.
Fundargerð framlögð.

7.1. Laufásvegur 1 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingu á húsnæði.
Laufásvegur 1 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingu á húsnæði.
Aðalheiður Atladóttir kt: 120975-5879 fyrir hönd Grétu Sigurðardóttir kt:170547-7999 sækir um breytingu inni og úti á húsnæði að Laufásvegi 1.
Skipulagi á rishæð er breytt, en aðrar hæðir óbreyttar. Tveimur kvistum bætt við. Inngangi breytt og gluggum á rishæð skipt út og bætt við. Mænishæð óbreytt. Samkv. uppdráttum frá a2f arkitektum dags:10.01.2014. Send var út grenndarkynning samkvæmt 167. fundi og barst eitt bréf.

Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðar breytingum og leggja til svar við bréfi til bæjaryfirvalda.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

7.2. Aðalgata 24a - óskað eftir gögnum svo hægt sé að þinglýsa eigninni.
Aðalgata 24a - óskað eftir gögnum svo hægt sé að þinglýsa eigninni.
Guðfinna Arnórsdóttir kt.120155-2299 fyrir hönd kvenfélagsins Hringsins kt:640169-2659 í Stykkishólmi óskar eftir lóðarblaði fyrir Aðalgötu 24a til þinglýsingar.

Skipulags- og byggingarnefnd frestar erindinu og leggur til að bæjaryfirvöld ræði við aðila og skoði hvort til séu gamlir samningar milli kvenfélagsins Hringsins og Stykkishólshrepps um garðinn.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

7.3. Umsókn um stöðuleyfi fyrir tjald á tjaldsvæði.

Umsókn um stöðuleyfi fyrir tjald á tjaldsvæði.

Jón Jóel Einarsson kt.080551-3559 sækir um stöðuleyfi fyrir hönd Út og vestur kt.610909-1320 til að setja upp trönur á tjaldsvæðinu, í námunda við stöð Atlandsolíu, með tveimur auglýsingarskiltum/-dúk. Óskað er eftir stöðuleyfi sumarið 2014 svo lengi sem tjaldsvæðið er opið. Við uppsetningu og frágang verður reynt að tryggja eins vel og kostur er að vindur feyki þessu ekki um.

Skipulags- og byggingarnefnd hafnar erindinu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

7.4. Stöðuleyfi - Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir pulsuvagn.

Stöðuleyfi - Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir pulsuvagn.

Þorsteinn Jónasson kt.180356-3639 fyrir hönd Kónsins ehf kt.710713-0810 óskar eftir stöðuleyfi fyrir pulsuvagn. Staðsetning við Hólmgarð eins og síðustu ár og ásamt skammtímaleyfi fyrir vagninum á öðrum stöðum í bænum með fyrirvara um samþykki bæjaryfirvalda á hverjum stað fyrir sig. Umsóknartímabil frá 1.apríl til 15.okt. 2014.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Bæjarráð gerir kröfur um góða umgengni á svæðinu í kringum pylsuvagninn.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GJÁ og LÁH

Fundargerð samþykkt.

Liður 16 bréf Menningarfulltrúa Vesturlands dags. janúar "14 varðandi starfsemi menningarráðs og fulltrúa

Framlagt. Bæjarráð leggur áherslu á að áfram verði staðið faglega að úthlutun styrkja.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: LÁH

Liður 18 bréf Mannvirkjastofnunar dags. 24.01.14 varðandi úttekt á slökkviliði Stykkishólms 2013



Guðmundur Kristinsson slökkviliðsstjóri Stykkishólmsbæjar kom á fundinn og gerði grein fyrir úttekt Mannvirkjastofnunar á slökkviliði Stykkishólms. Guðmundur kom á fundinn kl: 17:50 og vék af fundi kl:18:30.

Slökkviliðsstjóra og bæjarstjóra falið að svara Mannvirkjastofnun varðandi úttektina.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 19 bréf SAMAN hópsins dags. 24.01.14 varðandi beiðni um fjárstuðning við forvarnarstarf SAMAN-hópsins á árinu 2014.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 20 tölvupóstur Velferðarráðuneytisins dags.12.02.14 varðandi starfshóp um samþættingu öldrunarþjónustu Stykkishólmsbæjar Bæjarráð fer fram á við heilbrigðisráðherra að hlutverk starfshóps, sem sem fjalla á um samþættingu öldrunarþjónustu í Stykkishólmi, verði útvíkkað þannig að einnig verði fjallað um framtíðarmöguleika á frekari eflingu háls og bakdeildar og sjúkrarýma í húsinu. Frá því að vinna við þetta verkefni hófst hefur alltaf verið fjallað um þessa starfsemi í heild.

Bæjarráð tilnefnir Lárus Ástmar Hannesson sem aðalmann í vinnuhóp Velferðarráðuneytis og Guðlaugu J. Ágústsdóttur sem varamann, með þeim fyrirvara að starfssvið hópsins verði útvíkkað samanber beiðni hér að ofan.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH, DS og GS

Liður 21 bréf Breiðafjarðarnefndar dags.19.11.13 varðandi Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

Umsögn að drögum að verndaráætlun fyrir Breiðafjörð framlögð og samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður22 afskriftir eldri krafna ó trúnaðarmál.

Samþykkt að afskrifa eldri kröfur að upphæð kr. 2.817.099

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GDP



Liður 24 tillaga Helgu Guðmundsdóttur um störf bæjarstjóra frá 1. mars 2014 til loka kjörtímabils
Tillaga Helgu Guðmundsdóttur varðandi störf bæjarstjóra frá 1. mars 2014 til loka kjörtímabilsins.

Ég undirrituð legg til að Lárus Á. Hannesson verði ráðinn í starf bæjarstjóra frá 1. mars 2014 til loka kjörtímabilsins.
Einnig legg ég til að Þór Örn Jónsson taki að sér ákveðin verkefni sem tengjast starfi bæjarstjóra og muni fá hækkuð laun á tímabilinu.

Greinargerð:

Þar sem stutt er eftir af kjörtímabilinu tel ég þetta vera mjög góða lausn. Mun þessi ákvörðun ekki hafa kostnaðarauka í för með sér heldur þvert á móti spara bæjarfélaginu vegna launakostnaðar við starf bæjarstjóra. Í starfslokum Gyðu Steinsdóttur verður gert ráð fyrir að hún sinni ákveðnum verkefnum fyrir Stykkishólmsbæ út kjörtímabilið.

Lárus vék af fundi.

Tillaga samþykkt. Gretar sat hjá.

Lárus kom aftur á fundinn.

Lárus vék af fundi og Þorsteinn Sigurðsson varamaður kom inn á fundinn. Berglind Axelsdóttir 1. varaforseti tók við fundarstjórn. Tillaga bæjarráðs samþykkt með fjórum atkvæðum. Gretar, Hjörleifur og Guðlaug sátu hjá.

Þorsteinn vék af fundi og Lárus kom aftur inn á fund og tók við fundarstjórn.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1 1402002 - Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 22.01.14.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.2 1402018 - Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra, dags. 27.01.14.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.3 1402019 - Fundargerð Hafnarstjórnar, dags. 30.01.14.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.4 1402017 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis Stykkishólms dags. 04.02.14.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.5 1402016 - Fundargerð skólanefndar dags. 05.02.14.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.6 1401005F - Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar, dags. 17.02.14.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.7 1402031 - Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 20.02.14.**
Fundargerð framlögð, fyrir fundinum liggur að taka ákvörðun um úthlutun íbúðarinnar að Skúlagötu 9. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna höfum við ákveðið að úthluta íbúðinni til Arnþrúðar H. Jóhannesdóttur frá 1. mars 2014.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

3. Reglur og samþykktir.

3.1. 1309054 – Reglur um veitingu launalausra leyfa.

Reglur um veitingu launalausra leyfa hjá Stykkishólmsbæ framlagðar og samþykktar.

Til máls tók: GS og LÁH

4. Kosningar.

4.1 Kosningar samkvæmt 7. og 10. grein samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar nr. 731/2013.

Berglind Axelsdóttir tilnefnd og kosin forseti bæjarstjórnar.

Berglind tók við fundarstjórn af fráfarandi forseta bæjarstjórnar.

Davíð Sveinsson tilnefndur og kosinn 1. varaforseti bæjarstjórnar.

4.2 Kosningar samkvæmt 27. og 47. grein samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar nr. 731/2013.

Helga Guðmundsdóttir tilnefnd og kosin formaður bæjarráðs.

Berglind Axelsdóttir tilnefnd í bæjarráð í stað Lárusar Á. Hannessonar og sem varaformaður bæjarráðs. Tilnefningar samþykktar.

Davíð Sveinsson og Lárus Á. Hannesson tilnefndir og kosnir varamenn í bæjarráð.

5. Annað.

Lárus Á. Hannesson vék af fundi og Þorsteinn Sigurðsson kom aftur inn á fundinn.

5.1. Ráðningarsamningur við bæjarstjóra.

Forseti bæjarstjórnar lagði fram ráðningarsamning við Lárus Ástmar Hannesson og var hann samþykktur með fjórum atkvæðum. Gretar, Hjörleifur og Guðlaug sátu hjá.

Lárus mætti aftur á fundinn og Þorsteinn vék af fundi.

Bókun.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar þakkar Gyðu Steinsdóttur fráfarandi bæjarstjóra góð störf og ánægjulegt samstarf og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.

Bókun.

Ég vil þakka bæjarstjórn og bæjarritara fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu. Einnig vil ég þakka ykkur fyrir þann velvilja og stuðning sem mér var sýndur vegna minnar ákvörðunar um að taka við nýju starfi áður en kjörtímabilinu lýkur. Óska ég ykkur alls hins besta í ykkar störfum til loka kjörtímabilsins.

Gyða Steinsdóttir

304. fundur
27. febrúar 2014



Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 17:46
Þór Örn Jónsson